

## Beint til:

### Minjastofnunar, Borgarsögusafns og Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Við sem stöndum að íbúasamtökunum „Vinir Salfiskmóans“, sem hafa beitt sé fyrir vernd síðasta stakkstæðisins í Reykjavík á Sjómannaskólareit og hverfisgarðins sem umlykur hann, höfum af því töluverðar áhyggjur að ekki verði gætt að vernd reitsins nú þegar styttist í að framkvæmdir hefjist við gatnagerð og lagnir og í framhaldinu byggingu fjölbýlishúss þétt upp við reitinn.

Áhyggjur okkar eru ekki síst byggðar á fyrirliggjandi útboðlýsingu fyrir Sjómannaskólareitinn (Útboðsnúmer 15262) frá því í júlí 2021 og unnin er af VSÓ ráðgjöf fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Á bls. 48 hefur framkvæmdasvæði verið afmarkað og er ekki annað að sjá en helmingur stakkstæðisins sé innan framkvæmdasvæðisins og má því ætla að verktökum sé heimilt að athafna sig eins og þörf krefur með tækjum sínum og tólum innan þessa svæðis.


Umrædd blaðsíða í útboðsgögnunum er hér að neðan og höfum við merkt stakkstæðið sem bláan flekk inn á kortið og blá punktalína sýnir 15 metra helgunarsvæði þess.

Rétt er að minna á að stakkstæðið nýtur hverfisverndar, en ljóst er að það þolir ekki umferð véla eða annarra faratækja án þess að af því hljótist óafturkræfur skaði.

Við búumst allt eins við að vakna einn daginn upp við að jarðvinnuverktakar verði búnir að fjarlægja það sem eftir er af reitnum – með öflugum vélum gerast slík mistök á auga-bragði.

Á undanförunum misserum hafa verið gerð a.m.k. tvenn alvarleg mistök í Reykjavík er varða friðuð mannvirki. Í báðum tilfellunum sem vísað er til hafa verktakar rífið friðuð/vernduð mannvirki viljandi eða fyrir mistök.

Annars vegar hús við Skólavörðustíg (<https://www.ruv.is/frett/2020/09/10/verndad-hus-rifid-i-leyfisleysi-a-skolavordustig>) og hins vegar hús við Tryggvagötu (<https://www.ruv.is/frett/exeter-husid-rifid-i-leyfisleysi>).



Spurning okkar til Minjastofnunar og Borgarsögusafns er því hvort til ekki sé rétt að krefjast þess að stakkstæðið og helgunarsvæði þess verði með einhverjum hætti girt af eða afmarkað á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur þannig að forða megi því frá eyðileggingu?

Spurning okkar til Umhverfis- og skipulagssviðs er hvort framangreint kort sé ekki örugglega mistök og hvort þau muni gera gangskör að því að það verði leiðrétt og upplýsingum um hverfisverndaðan hluta Sjómannaskólareitsins verði skilmerkilega komið á framfæri við verktaka og aðra sem að öllu óbreyttu munu athafna sig á reitnum?

Fyrir hönd stjórnar íbúasamtakanna Vinir Salfiskmóans,  
Helgi Hilmarsson